

Hagræðing úrslita í íþróttakeppnum:

Alþjóðasamningur Evrópuráðsins um hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum
Skýrsla og tillögur starfshóps um innlent og alþjóðlegt samstarf

Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Janúar 2018

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvhólgötu 4

101 Reykjavík
Sími: 545 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.is
Veffang: www.menntamalaraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

© 2018 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

ISBN 978-9935-436-78-8

Efnisyfirlit

1. Inngangur
2. Starfshópur og erindisbréf
3. Skilgreiningar og aðferðafræði
4. Umfang og afleiðingar af hagræðingu úrslita í íþróttum
5. Lög og regluverk á Íslandi sem gilda um hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum
 - 5.1. Lög og reglur ÍSÍ
 - 5.2. Lög og reglur KSÍ
 - 5.3. Íslensk löggjöf
 - 5.3.1. Almenn hegningarlög nr. 19/1940
 - 5.3.2. Lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006
 - 5.3.3. Lög um getraunir nr. 59/1972
 - 5.3.4. Lög um happdrætti nr. 38/2005
 - 5.3.5. Íþróttalög nr. 64/1998
 - 5.3.6. Lög um persónuvernd nr. 77/2000
 - 5.4. Samantekt
6. Alþjóðleg lagasetning og aðgerðir annarra landa
 - 6.1. Aðgerðir Norðurlandanna gegn hagræðingu úrslita í íþróttum
 - 6.2. Alþjóðlegir samningar
7. Eftirlit og eftirfylgni með málum sem tengjast hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum
 - 7.1. Eftirfylgni lögreglu
 - 7.2. Mál upplýst innan íþróttahreyfingarinnar
8. Fyrirbyggjandi aðgerðir gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum
9. Niðurstöður og tillögur til úrbóta
 - 9.1. Samstarf og samhæfing aðgerða
 - 9.2. Refsiákvæði
 - 9.3. Reglur íþróttahreyfingarinnar
 - 9.4. Áskoranir á sviði veðmála á íþróttaleiki
 - 9.5. Greiðslumiðlun
 - 9.6. Menntun og þjálfun starfsmanna veðmálafyrirtækja
 - 9.7. Eftirlit með veðmálum
 - 9.8. Samantekt og tillögur

1. Inngangur

Íþróttir eru mikilvægur þáttur í menningu þjóða heimsins. Ekki þarf að rýna mikið í sögu íþróttanna til þess að greina bæði tilurð þeirra og breytingar í gegnum aldir. Í þessari skýrslu er ekki ætlunin að gera þeirri sögu skil en hröðustu breytingarnar á íþróttum hafa þó orðið í nútímanum í lok 19. aldar og á fyrri hluta 20. aldar fram til dagsins í dag. Íþróttaiðkun hefur ávallt verið tengd við hreysti og heilbrigði en þó með mismunandi áherslum eftir tíðaranda. Keppnisíþróttir ýmis konar eins og þekktar eru í dag þróuðust flestar á síðustu 100 til 150 árum. Margar þeirra hafa þó skírskotun til íþróttanna fyrri tíma. Í dag hafa margvíslegar almenninguþróttir rutt sér til rúms og hefur orðið mikil þróun á alls konar hreyfingu sem almenningur stundar sér til heilsuþótar.

Í þessari skýrslu er ætlunin að fjalla um sértækt vandamál sem lýtur að keppnisíþróttum, vandamál sem hefur á síðasta áratug verið að koma upp á yfirborðið í æ ríkari mæli. Er hér um að ræða hagræðingu úrslita kappleikja í íþróttum sem hefur orðið meira áberandi síðustu ár og er komin á það stig að óumflýjanlegt er fyrir þjóðir heims að taka á því máli.

Einn af fylgifiskum keppnisíþróttanna er veðmálastarfsemi í tengslum við íþróttaviðburði og kappleiki. Flest veðmál á heimsvísu eru veðmál tengd knattspyrnuleikjum og hafa mál er varða hagræðingu úrslita oftast komið upp í tengslum við knattspyrnu á undanförunum árum. Veðmálafyrirtæki eru starfrækt í margs konar tilgangi. Á Íslandi, Norðurlöndunum og flestum löndum Evrópu eru fyrirtæki sem standa fyrir veðmálum á íþróttakappleiki rekin í viðkomandi landi á forsendum laga og reglna sem um slíka starfsemi gilda og rennur hagnaðurinn til samfélagslegra verkefna. Mismunandi er eftir löndum hversu frjáls sá markaður er. Samkvæmt íslenskri löggiöf hafa Íslenskar gettraunir eitt fyrirtækja leyfi til þess að starfrækja íþróttagetraunir hér á landi. Hagnaður af starfseminni fer til þess að styrkja starf íþróttahreyfingarinnar. Í Danmörku er kerfið mun opnara og geta ýmsir aðilar sótt um leyfi til reksturs íþróttagetrauna að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þessi fyrirtæki á Norðurlöndum hafa ákveðnar samfélagslegar skyldur á meðan einkafyrirtæki sem mörg hver starfa innan og utan Evrópu eru ekki bundin þeim skyldum. Mikil samkeppni hefur myndast á milli einkafyrirtækja sem oft starfa ólöglega en samt sem áður er hægt að veðja á leiki sem þau bjóða upp á í gegnum netið. Að auki er vinningshlutfallið sem er í boði hjá þessum fyrirtækjum mun hærra en það sem norrænu gettraunafyrirtækin geta boðið upp á enda engin krafa um framlag til samfélagsverkefna gerð til einkafyrirtækjanna. Mjög erfitt er að hafa stjórn á slíkri starfsemi. Löng hefð er fyrir því að veðja á knattspyrnuleiki og er það algengasta formið í veðmálum á kappleiki. Á síðustu áratugum hefur fjármagn í tengslum við knattspyrnu aukist sérstaklega mikið og eru laun margra knattspyrnumanna í bestu deildum heims orðin svo há að árslaun nema hundruðum milljóna og í sumum tilfellum jafnvel enn hærri upphæðum. Velta félaga og alþjóðasambanda í knattspyrnu hefur margfaldast með sölu sjónvarpsréttinda og fylgir henni mikil markaðssetning, ekki síst í knattspyrnunni. Fylgifiskar þess að svo miklir fjármunir eru í spiliinu eru ekki eingöngu jákvæðir. Freistingar íþróttafólks til þess að stytta sér leið að settu marki eru margar en lúta flestar sömu lögmálum. Ásókn í fjármagn verður til þess að íþróttafólk freistast út á ýmsar óæskilegar brautir. Nýjustu málin á alþjóðavísu tengjast lyfjamálum rússneskra íþróttamanna og lyfjaeftirlits í Rússlandi. Á undanförunum árum hefur síðan borið æ meira á því að úrslitum leikja sem veðjað er á sé

hagrætt til þess að skapa skjótfenginn gróða. Þetta er vá sem því miður hefur náð að skjóta rótum og skapar mikinn vanda ekki síst fyrir knattspyrnuheiminn en einnig hafa komið upp mál í öðrum íþróttagreinum sem veðjað er á. Vandinn felst ekki hvað síst í því að hér virðist um nokkuð nýja leið að ræða til þess að öðlast fjárhagslegan ávinning. Alþjóðleg glæpasamtök virðast nýta sér einstaklinga sem láta glepjast eða þau ná á annan hátt tangarhaldi á til þess að hafa áhrif á kappleiki í íþróttum. Hér er bæði átt við það að hafa áhrif á úrslit leiks og stuðla að atburðarás sem hægt er að veðja á en hafa jafnframt fyrirfram vitneskju um hvernig hægt sé að hagnast á veðmáli á viðburð sem fyrirfram ætti að ríkja óvissa um. Þjóðir heims virðast í mörgum tilfellum hvorki vera með nægjanlega traust regluverk sem vinnur gegn hagræðingu úrslita í íþróttum né leiðir til þess að beita viðurlögum við slíkum brotum enda oft á tíðum erfitt að skilgreina hvaða brot hefur verið framið og gegn hverjum. Það getur því verið erfitt að koma í veg fyrir slík brot. Flestar þjóðir hafa lagaramma sem lýtur að svikum, spillingu, skjalafalsi, mútum, peningaþvætti eða brotum sem lúta að þvingun eða nauðung af ýmsu tagi sem oft er fylgifyskur ólöglegar starfsemi. Íþróttahreyfingin hefur hins vegar staðið ráðþrota gagnvart hagræðingu úrslita sem tengjast slíkum brotum á síðustu árum og hefur málum fjölgað sem upp hafa komið í tengslum við veðmál á kappleiki. Meginástæða þess að málum fjölgar er þróun sem fylgir netvæðingunni. Nú liggja úrslit fyrir samstundis og beinar útsendingar eru á netinu, jafnt frá efstu deildum niður í neðstu deildir og jafnvel unglíngadeildir. Fyrir þróun netsins gat tekið einn dag eða tvo að fá staðfest úrslit úr leikjum í neðri deildum og voru þær deildir því sjaldnast í boði hjá getraunafyrirtækjum. Aukinn fjöldi viðburða sem í boði eru býður upp á aukna hættu á hagræðingu úrslita.

Vandi íþróttahreyfingarinnar er meðal annars sá að skortur er á settum reglum innan hennar sem gera það refsivert að íþróttamenn hagræði úrslitum eða hafi óeðlileg áhrif á kappleiki. Vandinn liggur einnig í því að ná til þeirra sem hafa af því ávinning að kappleikir fari á ákveðinn hátt og reyna að hafa áhrif á leikmenn, dómara eða aðra sem hugsanlega geta haft áhrif á úrslit eða framgang leiks. Í flestum tilvikum er vel fylgst með veðmálum sem eru tengd löglegum fyrirtækjum, a.m.k. í Evrópu, og því ólíklegra að þau veðmál tengist spillingu. Erfiðara er að fylgjast með veðmálum sem eiga sér stað í öðrum heimsálfum, ekki síst ef ólögleg fyrirtæki eiga í hlut.

Evrópuráðið hefur á undanförunum árum unnið að gerð alþjóðasamnings til þess að taka á hagræðingu úrlita í íþróttakeppnum. Samningur Evrópuráðsins var samþykktur í ráðherraráði Evrópuráðsins í júlí 2014 og undirrituðu 15 þjóðir samninginn á ráðherrafundi íþróttamálaráðherra Evrópuráðsins sem fram fór í Magglingen í Sviss í september sama ár. Ísland undirritaði samninginn í nóvember 2014 og gerðist aðili að honum. Alls hafa 30 þjóðir undirritað samninginn. Samningurinn hefur ekki verið fullgiltur af Íslands hálfu en unnið er að undirbúningi fullgildingar og mun frekari vinna við hana halda áfram á næstunni. Fyrsta skrefið var að skipa starfshóp sem skila á skýrslu með tillögum um hvað þarf að gera til að samningnum sé sem best framfylgt hér á landi. Í samningnum er kveðið á um ýmsar leiðir sem löndin þurfa að fara til þess að skapa umhverfi hvert í sínu landi sem stuðlað getur að því að hægt verði að vinna bug á hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum. Nauðsynlegt er að til séu ferlar sem stuðla að samstarfi og fyrirbyggjandi aðgerðum sem og ferli sem fer í gang þegar

brot af þessu tagi koma upp. Í samningnum er kveðið á um ábyrgð allra þeirra aðila sem hafa snertiflöt við veðmálastarfsemi, þ.e. löggjafans, eftirlitsaðila og fyrirtækja sem starfrækja veðmálastarfsemi, auk íþróttahreyfingarinnar sem er framkvæmdaraðili allra íþróttaviðburða.

Í þessari skýrslu verður farið yfir hvernig lög og reglur íþróttahreyfingarinnar og lagalegt umhverfi á Íslandi er í stakk búið til þess að fást við þennan vanda. Verða gerðar tillögur um skref til þess að vinna gegn hagræðingu úrslita í íþróttum þannig að alþjóðasamningnum verði sem best framfylgt.

2. Starfshópur og erindisbréf

Hinn 14. júlí 2015 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra starfshóp sem falið var það verkefni að gera tillögur um hvernig hægt sé að vinna að samstarfi innanlands og í alþjóðlegu samstarfi gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum og hvernig alþjóðasamningnum verði sem best framfylgt.

Starfshópurinn er þannig skipaður:

- Óskar Þór Ármannsson formaður, tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðuneyti,
- Líney Rut Halldórsdóttir tilnefnd af Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands,
- Þorvaldur Ingimundarson tilnefndur af Knattspyrnusambandi Íslands,
- Pétur Hrafn Sigurðsson tilnefndur af Íslenskum getraunum,
- Fanney Óskarsdóttir tilnefnd af innanríkisráðuneyti,
- Sólberg Svanur Bjarnason tilnefndur af Ríkislögreglustjóra.

Skipan starfshópsins byggir á því að allir hlutaðeigandi sem snertiflöt hafa við íþróttaveðmál hér á landi komi að málefninu og vinni saman. Starfshópurinn hélt 12 fundi og nálgadist viðfangsefni sitt út frá því sem fram kemur í Evrópusamningnum. Tilgangur samningsins er að vinna gegn hagræðingu úrslita kappleikja í íþróttum. Samningurinn er þannig byggður upp að margar greinar hans vísa beint til þeirra aðila sem að þessum málaflokki koma. Vísa sumar þeirra til íþróttahreyfingarinnar og setja kröfur á ákveðnar aðgerðir sem hún þarf að grípa til svo markmiðum samningsins verði náð. Á sama hátt vísa aðrar greinar til stjórnvalda sem þurfa að skoða vel lagaumhverfi sitt til þess að mögulegt verði að taka á hagræðingu úrslita kappleikja. Þá vísa sum ákvæði samningsins til starfa veðmálafyrirtækja sem þurfa að skoða verklagsreglur og mögulega fleiri þætti til þess að geta framfylgt samningnum. Í skýrslu þessari setur starfshópurinn fram ákveðnar tillögur sem hann telur nauðsynlegt að unnið verði eftir á næstu misserum til þess að markmiðum samningsins verði náð.

3. Skilgreiningar og aðferðafræði

Í samningnum eru notaðar skilgreiningar og hugtök sem rétt er að færa inn í umræðu um þessi mál hér á landi til þess að forðast misskilning. Hugsanlega munu þessar skilgreiningar ekki nægja í öllum tilfellum en þá er mikilvægt að líta til þeirra skilgreininga sem til eru og nýta þær til þess að nálgast viðfangsefnið. Í samningnum eru eftirfarandi skilgreiningar notaðar:

1. *Íþróttakeppni* merkir íþróttaviðburð sem er skipulagður í samræmi við þær reglur sem íþróttasamtök, sem nefndin um eftirfylgni samningsins telur upp samkvæmt ákvæði 2. mgr. 31. gr., setja og alþjóðleg íþróttasamtök viðurkenna eða, þar sem það á við, önnur til þess bær íþróttasamtök.
2. *Íþróttasamtök* merkir samtök sem stjórna íþróttum eða einni sérstakri íþróttagrein og eru birt á þeim lista sem nefndin um eftirfylgni samningsins samþykkir samkvæmt ákvæði 2. mgr. 31. gr. og tengd samtök þeirra innan viðkomandi heimsálfu og innanlands ef nauðsyn krefur.
3. *Skipuleggjandi keppni* merkir íþróttasamtök eða annan aðila, án tillits til rekstrarforms þeirra eða hans að lögum, sem skipuleggja eða skipuleggur íþróttakeppni.
4. *Hagræðing úrslita íþróttakeppna* merkir fyrirkomulag, gjörning eða aðgerðaleyssi sem er af ásetningi og miðar að því að breyta úrslitum eða gangi íþróttakeppni með óeðlilegum hætti í því skyni að víkja alfarið eða að hluta til frá hinu ófyrirsjáanlega eðli fyrrnefndrar íþróttakeppni til þess aftur að ná fram óréttmætum ávinningi fyrir sjálfan sig eða aðra.
5. *Íþróttaveðmál* merkir að leggja undir áhættufé í þeirri von að fá vinning, sem hefur peningagildi, með fyrirvara um að atvik eigi sér stað í framtíð sem er óvissu háð og tengist íþróttakeppni. Einkum merkir:
 - a. *ólögleg íþróttaveðmál* íþróttaveðmál sem eru af þeirri gerð sem er óheimil eða er stýrt af fyrirtæki sem er án heimilda samkvæmt gildandi lögum innan þeirrar lögsögu þar sem viðkomandi neytandi er staðsettur,
 - b. *óeðlileg íþróttaveðmál* íþróttaveðmál sem stinga í stúf við almenn eða fyrirsjáanleg einkenni viðkomandi markaðar eða þau einkenni hans sem við er að búast eða sem tengjast veðmálum um íþróttakeppni sem gengur fyrir sig á óvenjulegan hátt,
 - c. *grunsamleg íþróttaveðmál* íþróttaveðmál sem virðast, samkvæmt áreiðanlegum og stöðugum vísbendingum, tengjast hagræðingu úrslita þeirrar íþróttakeppni sem veðmálin eru boðin fram vegna.
6. *Hagsmunaaðili í íþróttakeppnum* merkir einstakling eða lögaðila úr einum eftirtalinna hópa:
 - a. *íþróttamenn* merkir einstaklinga eða hóp einstaklinga sem taka eða tekur þátt í íþróttakeppnum,
 - b. *starfsfólk íþróttamanna* merkir þjálfara, kennara, stjórnanda, umboðsmann, starfsmenn liðs, hópstjóra liðs, heilbrigðisstarfsfólk eða bráðatækna sem vinna með eða meðhöndla íþróttamenn sem taka þátt í íþróttakeppnum eða undirbúa sig fyrir þær og alla aðra einstaklinga sem vinna með íþróttamönnum,
 - c. *stjórnandi* merkir einstakling sem er eigandi, hluthafi í, framkvæmdastjóri eða starfsmaður þeirra rekstrareininga sem skipuleggja og standa að íþróttakeppnum, einnig dómara, dómnefndarmenn og aðra formlega viðurkennda einstaklinga. Hugtakið tekur einnig til framkvæmdastjóra og starfsmanna þeirra alþjóðlegu íþróttasamtaka eða, þar sem það á við, annarra þar til bærra íþróttasamtaka sem viðurkenna viðkomandi keppni.
7. *Innherjaupplýsingar* merkir upplýsingar sem tengjast keppni og einstaklingur býr yfir vegna stöðu sinnar tengdri íþrótt eða keppni, að frátöldum upplýsingum sem hafa þegar verið birtar eða eru almenningi kunnar, eru auðveldlega aðgengilegar þeim hluta

almennings sem áhuga hefur eða hafa verið birtar samkvæmt reglum sem gilda um viðkomandi keppni.

Sú aðferðafræði sem starfshópurinn hefur farið eftir í vinnu sinni er eftirfarandi:

1. Rýna samninginn og skrá hvort lög, reglur og samstarf á milli aðila sé nú þegar til staðar um einstök ákvæði samningsins.
2. Gera tillögur um hvernig einstakir hagsmunaaðilar geta unnið með ákvæði samningsins sem snúa að þeim beint.
3. Gera tillögur um samstarf á milli innlendra aðila þar sem krafist er viðtækara samstarfs.
4. Gera tillögur um lagabreytingar eða reglubreytingar ef niðurstaðan er sú að regluverk vanti á Íslandi eða sé ábótavant.
5. Gera tillögu um hvaða aðili sinni samræmingarstarfi á Íslandi og sinni erlendu samstarfi Evrópuráðsins vegna samningsins sbr. 13. gr.

Skýrslan og tillögur sem starfshópurinn gerir verða kynntar fyrir mennta- og menningarmálaráðherra og dómsmálaráðherra. Tillögurnar gera ráð fyrir að stofnaður verði samstarfsvettvangur um samninginn sem fylgi honum eftir og hafi yfirumsjón með samræmingu aðgerða í þessum málaflokki.

4. Umfang og afleiðingar af hagræðingu úrslita í íþróttum

Á síðustu árum hefur umfang þess vanda sem hlýst af hagræðingu í íþróttakeppnum verið að koma betur og betur í ljós. Eftir því sem þekkingu fleygir fram hefur náðst talsverður árangur í að koma upp um hagræðingu úrslita í kappleikjum í ýmsum löndum. Í skýrslu¹ sem ráðgjafafyrirtækið KEA International gerði fyrir Evrópusambandið og var birt árið 2012 má sjá að frá svokölluðu „Zheyun Ye“ máli í Belgíu á árunum 2004-2006 hefur málum fjölgað hratt fjölgandi. Þá lá fyrir mat frá fyrirtækinu Sportradar frá árinu 2010 sem fylgist með öllum leikjum í Evrópu um að alls sé úrslitum hagrætt í um 300 leikjum á hverju ári í Evrópu. Í Bochummálinu sem upplýst var í Þýskalandi árið 2009 sést einnig vel hversu víðtæk og stór mál geta orðið í alþjóðlegu samhengi. Þar rannsakaði lögregla 323 grunsamlega leiki, þar af 75 í Tyrklandi, 69 í Þýskalandi og 40 í Sviss. Aðilar sem tengdust þessu eina máli voru staðsettir um alla Evrópu og voru alls 347 einstaklingar grunaðir, 150 í Þýskalandi, 66 í Tyrklandi, 29 í Sviss og nokkrir í Króatíu, Ungverjalandi, Austurríki, Belgíu og Hollandi. Alls voru greiddar um 12 milljón evrur til dómara, leikmanna, þjálfara og stjórnarmanna í sérsamböndum í þeim tilgangi að hafa áhrif á úrslit leikja auk bónusa sem námu samkvæmt upplýsingum frá þýsku lögreglunni 1,75 milljónum evra. Rannsóknin leiddi í ljós tengingar við bankareikninga í öllum fyrrgreindum löndum auk þess sem uppgötvaðar voru tengingar við Malasíu, Kína, Singapore, Rússland og fleiri lönd. Einnig má nefna Asker og Follo málið í Noregi en þar voru þrír leikmenn dæmdir fyrir að þiggja mútur í þeim tilgangi að hagræða leikjum liðanna í norsku 3. deildinni árið 2012. Leikmenn liðanna sem í hlut áttu voru dæmdir í sex og átta mánaða fangelsi. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að þeir væru fundnir sekir um svik og spillingu. Þessi dómur var sá fyrsti sinnar tegundar í Noregi. Í grein sem birtist

¹ Match fixing in sport, A mapping of criminal law provisions in EU 27, mars 2012.

nýlega í vefriti The Economist² um hagræðingu úrslita á Ítalíu kemur m.a. fram að Sportradar telji að um 1% leikja á heimsvísu sé hagrætt. Fram kemur að veðmálavelta á hverju ári í heiminum sé um 750 milljarðar evra og má því reikna með að um sé að ræða a.m.k. 7,5 milljarða evra sem tengjast hagræðingu úrslita leikja ef það reynist rétt. Þetta sýnir glögglega að ekki er um einkamál íþróttahreyfingarinnar að ræða heldur starfsemi sem tengist íþróttum í gegnum skipulagða glæpastarfsemi. Til lengri tíma, ef ekkert verður að gert, mun þetta hafa áhrif á íþróttir sem flest lönd heims líta á sem mjög mikilvægan þátt í uppbyggingu samfélagsins og þá sérstaklega fyrir börn og ungmenni sem stunda íþróttir sér til ánægju og heilsubótar og leggja þannig sitt af mörkum til þess að bæta lífsstíl sinn og lífsgæði til framtíðar. Afreksíþróttir og afrek sem unnin eru munu einnig skaðast verulega þar sem trúverðugleiki íþróttar mun bera hnekki ef úrslit íþróttakappleikja eru með einhverju móti ákveðin fyrirfram eða áhrif höfð á þau. Regluverki virðist víða vera ábótavant til þess að takast á við vandann og eru þjóðir Evrópu nú að vinna að því að koma þessum málum í farveg m.a. með samstarfi um samning Evrópuráðsins um hagræðingu úrslita kappleikja í íþróttum.

5. Lög og regluverk á Íslandi sem gilda um hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum

5.1. Lög og reglur ÍSÍ

Samkvæmt 5. grein íþróttalaga nr. 64/1998 er Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi á Íslandi. Í lögum og reglum þess eru ákvæði sem lúta að keppnum og keppendum í íþróttum. Ekki er að finna sérstaka tilvísun í hagræðingu úrslita kappleikja en bæði í lögum ÍSÍ, móta- og keppendareglum og síðareglum ÍSÍ³ má finna almenn ákvæði sem mætti heimfæra á slík atvik. Í 4. gr. laga ÍSÍ, sem fjallar um tilgang og markmið, er til dæmis að finna almenn ákvæði um heilindi og að fara skuli að lögum og reglum. Í móta- og keppendareglum ÍSÍ kemur fram í 14. gr. að keppandi skuli koma heiðarlega og drengilega fram við keppinauta sína og eigi beita óleyfilegum brögðum. Síðar í sömu grein er tekið fram að keppandi skuli ávallt reyna að gera sitt besta og eigi hætta keppni að ástæðulausu. Hins vegar vantar refsiramma um brot af þessu tagi en í síðustu mgr. 14. gr. segir: „Brjóti keppandi einhverja af framanskráðum reglum á hann á hættu að vera vikið úr keppni.“

Í lögum ÍSÍ⁴ segir m.a. að vinna skuli að því að í íþróttum ríki drengskapur og að unnið skuli eftir Ólympíusáttmála alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC) sem og öðrum reglum IOC. Í reglum IOC (Code of Ethics) eru meðal annars reglur Ólympíuhreyfingarinnar um varnir gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum og ber ÍSÍ og sambandsaðilum að fara að þeim. Unnið er að því að vinna reglugerð fyrir ÍSÍ með hliðsjón af þessum reglum IOC.

Íþróttahreyfingin er með nokkuð skýrar reglur um keppni í tilteknum íþróttagreinum og þar eru viðurlög við brotum sem er tekið á innan viðkomandi keppni/leiks og viðurlög sem geta

² Match fixing in Italy, You betcha, í vefriti The Economist 20. Ágúst 2016.

³ Móta- og keppendareglur ÍSÍ, 2002, www.isi.is/efnisveita/log-og-reglugerdir-og-stefnur

⁴ Lög ÍSÍ, 2015, www.isi.is/efnisveita/log-og-reglugerdir-stefnur

haft áhrif utan leiks, s.s. keppnis- eða leikbann. Þá er í siðareglum ÍSÍ⁵ og hegðunarviðmiðum talsvert af tilmælum sem gætu átt við brot af þessu tagi.

Hafi leikmaður rangt við í keppni/leik eru það keppnis- eða leikreglur viðkomandi íþróttagreinar sem taka á brotum. Almennt í lögum og reglum íþróttahreyfingarinnar sem og í óskráðum lögum og reglum er talað um drengilega keppni og skylt er að fara að þeim reglum sem snúa að viðkomandi keppni. Tekið er á brotum með leikreglum viðkomandi íþróttagreinar. Þar getur bæði verið um að ræða brottvísanir úr viðkomandi leik tímabundið eða það sem eftir lifir leiks eða jafnvel að viðkomandi leikmaður sé settur í nokkurra leikja bann. Þá getur leikmaður sem brýtur af sér verið dæmdur úr leik og þar með tapað keppni/leik.

Ef upp kemur sú staða að grunur leiki á að leikmaður hafi haft rangt við til að hann sjálfur eða einhver utanaðkomandi beinlínis hagnist fjárhagslega í gegnum veðmál af þeim sökum, getur verið erfitt að staðreyna að gjörðir hans hafi haft áhrif á útkomu eða einstök atriði leiks/keppni og því jafnvel ómögulegt að upplýsa um brot.

Íþrótt- og ólympíusambönd á Norðurlöndunum undirrituðu árið 2014 sameiginlega yfirlýsingu um að vinna gegn hagræðingu úrslita í íþróttum „Common international initiatives from the Nordic sports organizations related to the fight against match fixing“.

Þegar lög, reglur eða leikmannasamningar sérsambanda eru skoðuð er eins og fram hefur komið mjög almennt orðalag um að fara skuli að lögum og reglum. Við brot á þeim koma þá til viðurlög sem snúa að viðkomandi íþrótt. Nokkur sérsambönd eru að endurskoða ákvæði í leikmannasamningum sem og í regluverki sem skerpa á ákvæðum hvað varðar veðmál og hagræðingu úrslita.

Dómstig ÍSÍ eru tvö, þ.e. dómstóll ÍSÍ og áfrýjunardómstóll ÍSÍ, og eru þau nefnd dómstólar ÍSÍ. Dómstólar ÍSÍ hafa fullnaðarlögsögu í þeim málum sem koma upp innan íþróttahreyfingarinnar og varða lög og reglur ÍSÍ sem og lög og reglur sambandsaðila ÍSÍ. Sérsamböndum er þó heimilt að hafa eigin dómstóla, þ.e. undirdómstól og áfrýjunardómstól. Dómstóll ÍSÍ er fyrsta dómstig í þeim málum sem upp koma nema sérsamband hafi sérstakan dómstól. Dómstóll ÍSÍ er þó ætíð fyrsta dómstig vegna brota sem varða lyfjamisnotkun í íþróttum. Í 35. gr. í kafla 4.4 í almennum ákvæðum laga ÍSÍ er fjallað um tegundir brota og heyra öll brot á lögum ÍSÍ, lögum sérsambanda, íþróttahéraða og félaga undir þann refsiramma er þar kemur fram.

Áfrýjunardómstóll ÍSÍ er æðsti dómstóll innan íþróttahreyfingarinnar, sbr. gr. 20.3 í lögum Íþrótt- og ólympíusambands Íslands. Heimilt er að skjóta dómum og úrskurðum dómstóls ÍSÍ til áfrýjunardómstólsins. Skal það gert innan viku frá því að aðila máls var kunnugt um niðurstöðu hans, en þó eigi síðar en fjórum vikum eftir að dómstóll ÍSÍ kvað upp dóm í viðkomandi máli. Einnig er heimilt að áfrýja málum áfrýjunardómstóla sérsambanda sem varða Ólympíusáttmálann eða túlkun á honum sbr. gr. 33.2. Í lið 1-c í gr. 35.1 er að finna

⁵ Siðareglur ÍSÍ, Handbók ÍSÍ 2011, www.isi.is/efnisveita/log-og-reglugerdir-stefnur

ákvæði sem lúta að blekkingum í leik sem beinast gegn starfsmönnum leiks. Þá er í lið 2-b í sömu grein ákvæði sem lýtur að blekkingum gegn yfirvaldi íþróttahreyfingarinnar með röngum skýrslum eða villandi upplýsingum. Í 36. gr. eru ákvæði um dómsniðurstöðu og refsingar. Spurningin er hvort slík ákvæði myndu nýtast í málum sem lúta að hagræðingu úrslita í íþróttum. Ekki er bein tilvísun í hagræðingu úrslita í íþróttum í lögnum þó svo að þar séu ákvæði sem gætu mögulega átt við í slíkum málum.

5.2. Lög og reglur KSÍ

Mikilvægt er að fjalla sérstaklega um regluverk KSÍ í þessari skýrslu þar sem knattspyrna er sú íþrótt sem langmest er veðjað á, hvort heldur sem er á Íslandi eða annars staðar í heiminum í dag. Í reglugerðum KSÍ er aðeins komið inn á hagræðingu úrslita og viðurlög sem tengjast þeim. Orðalagið er nokkuð almennt en skýrast er það í staðalsamningi sem KSÍ gerir við leikmenn í kafla um skyldur leikmanna. Í d-lið 1. gr. segir að leikmanni sé óheimilt að taka þátt í veðmálum innan knattspyrnuhreyfingarinnar eða annarri tengdri starfsemi sem rýrt getur trúverðuleika leikmanns eða félags.

Í 15. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál⁶ er fjallað um óeðlileg afskipti af úrslitum leiks. Í greininni eru ákvæði um viðurlög sem eru allt frá leikbönnum bæði tímabundnum og ótímabundnum til þess að útiloka viðkomandi frá allri þátttöku í knattspyrnu eða knattspyrnumálum til einhvers tíma eða ævilangt.

Í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót eru einnig ákvæði um óeðlileg afskipti af úrslitum leikja í greinum 4.3., 4.4. og 17.2. en ekki er minnst á hagræðingu úrslita með beinum hætti.

Mikilvægt er að sérsambönd hafi eins skýr ákvæði og kostur er í sínum reglum og reglugerðum um hvaða viðurlög eru við hagræðingu úrslita. Geta samböndin annað hvort haft sérstök ákvæði í reglum eða vísað til reglna ÍSÍ. Mikilvægt er að gerandi hljóti íþróttalega refsingu þó svo að atvik geti einnig verið refsivert skv. íslenskum lögum.

Í siðareglum⁷ KSÍ gr. 2.3 kemur fram að fulltrúar KSÍ megi ekki misnota aðstöðu sína við skyldustörf sín með neinum hætti, allra síst að nýta sér stöðu sína til eigin hags eða framdráttar. Í siðareglunum segir einnig að fulltrúar KSÍ skuli fara með upplýsingar sem þeir fá við skyldustörf sem trúnaðarmál. Þá kemur fram að óheimilt sé að þiggja eða bjóða mútur. Reglur þessar gilda ekki um leikmenn almennt en tekið er fram í gildissviði þeirra að leikmenn landsliða gangist undir agareglur landsliðsþjálfara og að reglur um keppnisferðir byggja á þeim. Starfshópurinn telur að styrkja þurfi reglur sem eiga við um leikmenn, þar á meðal um bann við hagræðingu úrslita kappleikja. Einnig sé nauðsynlegt að í reglum verði fyrirbyggjandi ákvæði svo sem að óheimilt sé að veðja á eigin leiki eða leiki sem viðkomandi getur haft áhrif á. Þá getur komið til greina að setja sérstök ákvæði í samninga við leikmenn um heimildir til að rannsaka meint veðmál.

⁶ Reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, mars 2016, www.ksi.is/logogreglugerdir

⁷ Siðareglur KSÍ, 2010 útgáfa, www.ksi.is/logogreglugerdir/sidareglur

Í kafla 11 er fjallað um veðmál. Í lið 11.1. segir að fulltrúum KSÍ sé óheimil þátttaka hvort heldur sem er með beinum eða óbeinum hætti í veðmálum, fjárhættuspilum, happdrætti og þess háttar viðburðum eða viðskiptum í tengslum við knattspyrnuleiki sem viðkomandi hefur eða getur haft áhrif á, þ.e.a.s. opinbera knattspyrnuleiki á Íslandi sem falla undir lögsögu KSÍ.

Kafla 15 tekur á viðurlögum og refsingum og er hægt að áminna fyrir brot og beita sektum að hámarki 100 þúsund krónum og/eða brottvikningu úr stjórn eða starfi.

Heimilt er að áfrýja dómum siðanefndar til áfrýjunardómstóls KSÍ nema niðurstaðan feli í sér áminningu, ávítur eða sekt lægri en 25.000 kr.

5.3. Íslensk löggjöf

5.3.1. Almenn hegningarlög nr. 19/1940

Í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum, er ekki að finna sérstakt ákvæði um refsingu við hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum og engin ákvæði þess efnis er heldur að finna í annarri löggjöf hér á landi. Í almennum hegningarlögum eru aftur á móti nokkur ákvæði sem eftir atvikum gætu komið til álita ef einstaklingur hefur á óviðurkvæmilegan hátt breytt eða reynt að breyta atburðarás í íþróttakeppni í þeim tilgangi að svíkja fé.

Helsta ákvæðið sem hér um ræðir er ákvæði 248. gr. alm. hgl. um fjársvik, en það er svohljóðandi:

„Ef maður kemur öðrum manni til að hafast eitthvað að eða láta eitthvað ógert með því á ólögmatan hátt að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd hans um einhver atvik, og hefur þannig fé af honum eða öðrum, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum.“

Til að háttsemi verði talin til fjársvika þurfa nokkur skilyrði að vera uppfyllt sem ekki verða rakin sérstaklega hér, en leiða má líkum að því að sú háttsemi að hagræða úrslitum í íþróttakeppni megi heimfæra undir fjársvikaákvæði hegningarlaganna.

Ákvæði 249. gr. alm. hgl. um umboðssvik gæti einnig átt hér við undir vissum kringumstæðum en það hljóðar svo:

„Ef maður, sem fengið hefur aðstöðu til þess að gera eitthvað, sem annar maður verður bundinn við, eða hefur fjárreiður fyrir aðra á hendi, misnotar þessa aðstöðu sína, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum, og má þyngja refsinguna, ef mjög miklar sakir eru, allt að 6 ára fangelsi.“

Þá má nefna ákvæði 264. gr. a. alm. hgl. sem fjallar um mútur, sbr. einnig 1. gr. laga nr. 144/1998 með síðari breytingum, um refsíabyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka. Ákvæði 264. gr. a. alm. hgl. orðast svo:

„Hver sem gefur, lofar eða býður manni, sem stjórnar fyrirtæki í atvinnurekstri, þar á meðal fyrirtæki að hluta eða í heild í opinberri eigu, eða innir af hendi störf á vegum

Þess, gjöf eða annan ávinning, sem hann á ekki tilkall til, í þágu hans eða annarra, til að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert í bága við starfsskyldur hans skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða sektum, ef málsbætur eru.

Ef maður, sem stjórnar fyrirtæki í atvinnurekstri, þar á meðal fyrirtæki að hluta eða í heild í opinberri eigu, eða innir af hendi störf á vegum þess, heimtar, tekur við eða lætur lofa sér eða öðrum gjöfum eða öðrum ávinningi, sem hann á ekki tilkall til, og gerir með því eitthvað eða lætur eitthvað ógert í bága við starfsskyldur sínar, skal sæta fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef málsbætur eru. “

Þess má geta að til stendur að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum þar sem lagt verður til að hámarksrefsing fyrir brot gegn 264. gr. a um mútubrot í atvinnurekstri verði þvingd úr þriggja ára fangelsi í fimm ára fangelsi.

Einnig er rétt að benda á ákvæði II. kafla A alm. hgl., 19. gr. d, um refsíabýrgð lögaðila.

Til viðbótar geta ákvæði 22. gr. alm. hgl. um hlutdeild í broti komið til álita.

5.3.2. Lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006

Peningabætti getur oft gengið þvert á landamæri og er alþjóðlegt vandamál. Íslensk stjórnvöld hafa unnið að því að styrkja varnir landsins gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Stór þáttur í þeirri vinnu er þátttaka Íslands í alþjóðlegum framkvæmdahópi er nefnist FATF (*Financial Action Task Force*).

Tilgangur laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka er að koma í veg fyrir peningabætti og fjármögnun hryðjuverka með því að skylda ákveðna aðila, sem stunda starfsemi er kann að verða misnotuð í þessum tilgangi, til að þekkja deili á viðskiptamönnum sínum og starfsemi þeirra. Verði tilkynningarskyldur aðili var við mögulega ólögmeta starfsemi ber honum að tilkynna það til peningabættisskrifstofu hjá embætti héraðssaksóknara.

Samkvæm l-lið 2. gr. laga nr. 64/2006 heyra m.a. undir löggin einstaklingar eða lögaðilar sem hlotið hafa starfsleyfi á grundvelli laga um happdrætti, eða til reksturs fjársafnana og happdrætta á grundvelli sérlaga þegar greiddir eru út vinningar, og falla þar af leiðandi undir umrædda tilkynningarskyldu. Íslenskar getraunir myndu falla þar undir.

Með innleiðingu fjórðu tilskipunar ESB um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, sem verður að öllum líkindum innleidd hér á landi árið 2018, verður víðtækara ákvæði sem fjallar um „gambling service providers“ og því mögulegt að enn stífari kröfur verði gerðar.

5.3.3 Lög um getraunir nr. 59/1972

Með lögum um getraunir er Íslenskum getraunum veitt heimild til þess að starfrækja íþróttagetraunir samkvæmt nánari ákvæðum laganna og reglugerð fyrir Íslenskar getraunir, nr. 166/2016, með síðari breytingum. Hvorki í lögnum né reglugerð er að finna ákvæði um bann við hagræðingu úrslita í íþróttum.

5.3.4. Lög um happdrætti nr. 38/2005

Í lögum um happdrætti er að finna almennar reglur um skilyrði fyrir því að mega starfrækja happdrætti en engin ákvæði eru í lögum um hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum, enda byggir heimild til að starfrækja íþróttagetraunir á sérstökum lögum um getraunir.

5.3.5. Íþróttalög nr. 64/1998

Í íþróttalögum eru engin sérstök ákvæði sem lúta að hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum. Í 10. gr. laganna er vísað til sérlaga um tekjuöflun íþróttasamtaka með getraunastarfsemi.

5.3.6 Lög um persónuvernd nr. 77/2000

Við vinnslu mála um hagræðingu úrslita er mikilvægt að hafa í huga lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000. Sú löggjöf snýr ekki beint að hagræðingu úrslita en getur haft óbein áhrif í þeirri baráttu, m.a. vegna möguleika á miðlun upplýsinga um grunsamlegar færslur og annað því um líkt milli fyrirtækja sem bjóða upp á veðmál, íþróttafélaga og stjórnvalda. Lög um persónuvernd gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Gæta skal þess að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti og að þær séu unnar með sanngjörnum og málefnalegum hætti. Upplýsingarnar skulu vera fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi, þær skulu vera viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar. Þá skulu upplýsingar vera varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu. Í 8. gr. laganna eru síðan almenn skilyrði fyrir því hvenær vinnsla persónuupplýsinga má eiga sér stað og í 9. gr. eru sérstakar reglur um viðkvæmar persónuupplýsingar. Undir þær heyra m.a. upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað.

5.4. Samantekt

Atvik um hagræðingu úrslita í íþróttakeppni geta verið af ýmsum toga og erfitt að sjá þau fyrir. Af framangreindu má álykta að ekki sé fyllilega ljóst hvernig og hvort íslensk löggjöf geti tekið á hvers konar málum um hagræðingu úrslita í íþróttum sem upp kunna að koma. Hins vegar má telja líklegt að ákvæði almennra hegningarlaga myndu taka á mörgum þeirra tilvika sem upp geta komið. Þar sem ekki er til dómaframkvæmd hér á landi um þessi mál er hins vegar ekki unnt að fullyrða hvernig þeim myndi lykta.

Mikilvægt er að skýrar reglur séu í lögum og reglum íþróttahreyfingarinnar um hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum og hvernig íþróttahreyfingin taki á brotum gegn þeim reglum. Þó svo að víða í lögum og reglum íþróttahreyfingarinnar og sérsambanda hennar séu ákvæði um veðmál og hagræðingu úrslita, sem og drengskap í íþróttum, telur starfshópurinn að reglur um þessi málefni mættu vera meira afgerandi og að þörf sé á að útfæra þær mun betur. Rétt væri að setja skýr ákvæði í lög og reglur Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí), sem skylduðu sérsambönd ÍSí til að taka upp reglur sambandsins eða setja eigin reglur til að vinna gegn hagræðingu úrslita og ólögumætum veðmálum.

Nauðsynlegt er að upplýsa og fræða íþróttafólk um alvarleika þess að hafa rangt við í íþróttum í þeim tilgangi að hafa áhrif á úrslit eða gang leiks/keppni svo unnt verði að vernda íþróttafólkið fyrir mögulegum málaferlum og mannorðshnekki. Það á við hvort heldur ásetningur viðkomandi er að hafa rangt við eða mögulega einnig fjárhagslegur ávinningur. Semja þarf leiðbeiningar til þeirra sem mögulega eru vitni að málum af þessu tagi og þeirra sem óskað er eftir að hafi áhrif á leik með einhverjum hætti í þeim tilgangi að breyta eðlilegum gangi leiks/keppni. Koma þarf á framfæri hvert hægt er að snúa sér með ábendingar en jafnframt þarf að útbúa leiðbeiningar/ferli fyrir þá sem taka við slíkum upplýsingum svo sem hvort eða hvenær leita eigi til lögreglu og hver leggi fram kæru.

Enn fremur telur starfshópurinn að taka þurfi til athugunar hvort tilefni sé til að lögfasta sérstakt ákvæði um bann við hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum og gera það refsivert, annað hvort með breytingu á almennum hegningarlögum eða t.d. lögum um getraunir eða íþróttalögum. Gæti það verið til þess fallið að hafa varnaðaráhrif og verið fyrirbyggjandi.

6. Alþjóðleg lagasetning og aðgerðir annarra landa

6.1. Aðgerðir Norðurlandanna gegn hagræðingu úrslita í íþróttum

Í nýlegri skýrslu sem starfshópur á vegum danska menningarmálaráðuneytisins („Arbejdsgruppe om regulering af Matchfixing“⁸) gerði um tillögur og aðgerðir gegn hagræðingu úrslita í íþróttum kemur fram hvernig Norðurlöndin utan Íslands eru í stakk búin til þess að takast á við vandann. Ágæt greining er á því lagaumhverfi sem er til staðar í löndunum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið í **Finnlandi** metur að til sé lagarammi í hegningarlögunum til þess að takast á við mál af þessu tagi. Þar er litið á lagaákvæði um fölsun, mútur og misnotkun innherjaupplýsinga sem tæki til þess að takast á við slík mál. Einnig hafa verið unnar ráðleggingar um hvernig fyrirbyggja má hagsmunaaðrekastra sem kunna að verða hjá öllum hagsmunaaðilum sem tengjast íþróttakeppnum og er þá átt við keppendur, stjórnarmenn, þjálfara og aðra sem tengjast viðburðum. Enn fremur hefur finnska íþróttasambandið unnið að fræðsluefni á þessu sviði.

Í **Noregi** telur dómsmálaráðuneytið að ákvæði í hegningarlögum taki til mála af þessu tagi. Þar er litið á lagaákvæði um fölsun, spillingu, umboðssvik og þvingun sem tæki til þess að takast á við slík mál. Ekki er ráðgert að gera breytingar á hegningarlögunum sérstaklega vegna þessa. Norðmenn eru lengst komnir í vinnu gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum og hafa m.a. staðfest alþjóðasamning Evrópuráðsins. Þar var byrjað á að vinna framkvæmdaáætlun sem felur í sér ýmsar tillögur að samvinnu allra þeirra aðila sem koma að þessum málum. Um er að ræða samstarf á milli norska íþróttasambandsins, íþróttasambands fatlaðra og Ólympíunefndar þess, norska knattspyrnusambandsins, norska getraunafyrirtækisins Norsk tipping, eftirlitsstofnunar með happdrættum (Lotteri- og stiftelsestilsynet), dómsmálaráðuneytisins auk menningarmálaráðuneytisins sem fer með íþróttamálin. Norðmenn hafa nú falið eftirlitsstofnun með happdrættum (Lotteri- og stiftelsestilsynet) að reka hið innlenda samstarf sem getið er um í 13. grein samnings Evrópuráðsins um hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum.

⁸ Arbejdsgruppe om regulering af Matchfixing, Rapport, Kulturministeriet 5. September 2014.

Í **Svíþjóð** er tekið á hagræðingu úrslita með almennri löggjöf sem lýtur að spillingu og mútum. Löggjöfin gildir bæði um einkageirann og hið opinbera. Svíar leggja áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði siðfræði sem eiga að vinna gegn spillingu. Í lögum sænska íþróttasambandsins (Riksförbundet) eru einnig nokkur ákvæði sem taka á hagræðingu úrslita. Ekki er fyrirhugað að breyta þeim en áherslan verður á fræðslu og upplýsingagjöf.

Í kjölfar vinnu starfshópsins í **Danmörku** sem skilaði sinni skýrslu í september 2014 var ákveðið að breyta lögum um lyfjæftirlit í Danmörku og taka inn ákvæði sem lúta að hagræðingu úrslita í íþróttum. Heiti laganna var breytt og heita lögin nú *Lov om fremme af integritet i idrætten*. Við lögin bættist ný grein, 10. grein, sem ætlað er að taka á hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum. Samkvæmt því ákvæði varða brot fangelsi allt að sex árum þegar um gróf brot er að ræða, einkum þegar brot varða mútur og einhvers konar þvingun. Lögreglan hefur það verkefni að rannsaka brotin. Sérstök áhersla er á upplýsingaflæði á milli aðila í samstarfi allra þeirra sem hafa snertiflöt við hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum. Vissulega geta verið hindranir þegar mál eru í rannsókn og spurningar geta vaknað um meðferð persónuupplýsinga en markmiðið er að gera samstarfssamninga á milli þeirra aðila sem koma að þessum málum til þess að tryggja upplýsingaflæði og skilvirkni.

6.2. Alþjóðlegir samningar

Samningur Evrópuráðsins um hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum er fyrsti alþjóða-samningurinn sem gerður er um þetta efni. Samningnum svipar til lyfjæftirlitssamnings Evrópuráðsins sem gerður var árið 1989 en í kjölfarið var gerður alþjóðlegur sáttmáli um lyfjamál á vettvangi UNESCO sem leiddi til formlegrar viðurkenningar alþjóða lyfjæftirlitsstofnunarinnar, World Anti Doping Agency (WADA). Líklegt er að samningurinn gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum þróist með svipuðum hætti þar sem þörfin fyrir heimssamræmingu er sannarlega fyrir hendi. Samningur Evrópuráðsins sem hér um ræðir gerir ráð fyrir að aðilar utan Evrópu geti gerst aðilar að honum og hafa lönd utan Evrópu þegar undirritað samninginn.

7. Eftirlit og eftirfylgni með málum sem tengjast hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum

7.1. Eftirfylgni lögreglu

Fram til þessa hafa engin mál er varða hagræðingu úrslita í íþróttum eða kappleikjum verið tilkynnt eða kærð til lögreglu. Hið sama á við um þá ólöglegu starfsemi sem tengist slíkum brotum. Af sjálfu sér leiðir að lögregla hefur ekki lagt áherslu á brotaflokkinn og býr hvorki að sérstöku skipulagi né sérþekkingu til rannsóknar slíkra mála.

Erlendar rannsóknir hafa leitt í ljós að brotaflokkurinn er umfangsmikill og um verulegar fjárhæðir að ræða (sjá nánari umfjöllun á bls. 9. - 10). Þá er einnig talið að tengsl séu við aðra skipulagða brotastarfsemi, spillingu og jafnvel fjármögnun hryðjuverka.

Miðað við umfang og stöðu mála erlendis má ætla að brot af þessu tagi tíðkist einnig hér á landi og telur lögregla mikilvægt að veita þessum brotaflokki aukna athygli. Aukin þekking

og eftirlit þeirra fyrirtækja sem starfrækja lögmæta veðmálastarfemi mun án efa leiða til fjölgunar mála og frekari aðkomu og frumkvæðisvinnu lögreglu.

Reynsla nágrannaþjóðanna sýnir að rannsóknir brota er varða hagræðingu úrslita í íþróttum og kappleikjum er jafnan flókin og tafsöm. Er það meðal annars sökum þess að brotastarfsemin er gjarnan þvert á landamæri og jafnframt byggja rannsóknir í mörgum tilvikum á rafrænum upplýsingum og gögnum sem kalla á alþjóðlega lögreglusamvinnu.

Til að sporna við spillingu, svindli og fjársvikum í tengslum við hagræðingu úrslita kappleikja í íþróttum á Íslandi og jafnframt að tryggja samvinnu og upplýsingaskipti lögreglu við innlenda og erlenda samstarfsaðila á þessum vettvangi þyrfti að skoða sérstaklega faglega og fjárhagslega getu lögreglunnar til þess að sinna slíkum málum.

7.2. Mál upplýst innan íþróttahreyfingarinnar

Náið samstarf er milli Íslenskra getrauna og íþróttahreyfingarinnar. Samkomulag er í gildi milli stærstu sérsambandanna og ÍSÍ annars vegar og Íslenskra getrauna hins vegar um gagnkvæma tilkynningaskyldu ef eitthvað óeðlilegt kemur í ljós varðandi úrslit leikja. Engin tilfelli hafa komið upp innan Íslenskra getrauna sem gefa tilefni til að ætla að úrslitum hafi verið hagrætt hér á landi, enda líklegra að ef til slíks kæmi þá myndu viðkomandi aðilar nýta sér erlendar vefsíður. Í örfá skipti hafa vaknað grunsemdir innan íþróttahreyfingarinnar um ólögmætt athæfi er varða úrslit ákveðinna íþróttakappleikja en þær hafa ekki leitt til frekari rannsókna. Í þeim tilfellum hefur verið leitað til Íslenskra getrauna og hefur fyrirtækið nýtt sér sambönd sín við GLMS (Global Lotteries Monitoring System). Þar er skoðað hvort óeðlileg veðmál hafi átt sér stað á viðkomandi leik hjá öllum getraunafyrirtækjum í Evrópu. Þess má geta að innan tíðar mun starfsemin verða eflað þannig að fylgst verður með breytingum á stuðlum leikja í Asíu þar sem stærsti veðmálamarkaðurinn er og þar sem glæpastarfsemi er þekkt í tengslum við hagræðingu úrslita.

8. Fyrirbyggjandi aðgerðir gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum

Á undanförunum árum hefur töluverð umræða verið á alþjóðavettvangi um hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur fylgst með og tekið þátt í mótun hins nýja alþjóðasamnings um þessi mál frá árinu 2008. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, KSÍ og Íslenskar getraunir stóðu saman að ráðstefnu árið 2013 þar sem fjallað var um hagræðingu úrslita í íþróttum. Margar ráðstefnur hafa verið haldnar í Evrópu á undanförunum árum ekki hvað síst í tengslum við gerð og kynningu á alþjóðasamningnum. Málefnið er m.a. mikið til umræðu innan European Lotteries og á ráðstefnum sem haldnar eru á vegum þess auk þess sem málið var rætt á aðalfundi World Lotteries árið 2016 í sérstakri málstofu.

KSÍ hefur frá upphafi tekið þátt í verkefni UEFA um heilindafulltrúa („Integrity officers“) en óskað var eftir að hvert aðildarlanda UEFA tilnefndi starfsmann fyrir það verkefni. Verkefnið hófst árið 2010 og er enn við lýði. KSÍ sinnir fræðslu um þessi mál á I. stigs þjálfaranámskeiðum sem og á landsdómararáðstefnum. Enn fremur stofnaði stjórn KSÍ starfshóp sem hefur það hlutverk að koma með tillögur að breytingum á reglugerðum KSÍ er

varða mál er taka til veðmála og/eða hagræðingar úrslita. Jafnframt er hópnum ætlað að koma með tillögur um það hvernig aðildarfélögin geta innleitt þær reglur sem KSÍ setur varðandi veðmál og hagræðingu úrslita innan sinna raða. Hópurinn mun enn fremur setja upp fræðsluáætlun um málefni þessu tengt. Á árinu 2017 hefur KSÍ boðið félögum í efstu deild karla og kvenna og næst efstu deild karla upp á fyrirlestra um þessi mál auk þess sem félögin hafa verið heimsótt og iðkendur í 2. og 3. flokki fræddir um málefnið. Einnig hefur KSÍ ásamt fleirum staðið fyrir fundum og ráðstefnum þar sem fjallað hefur verið um ýmsar hliðar á veðmálum og hagræðingu úrslita. Þá stóð lagadeild Háskólans í Reykjavík fyrir málstofu í lok marsmánaðar 2017 með yfirskriftinni: „Veðjað á rangan hest. Hættan af hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum og nauðsynleg viðbrögð“.

Aðgerðir vegna hagræðingar úrslita í íþróttakeppnum hafa ekki verið markvissar hingað til. Vandinn er nýr af nálinni hér á landi og er nú unnið að því að móta hvernig taka þarf á honum. Vert er að minnast á nokkra þætti sem líta má á sem eins konar upphaf þess að stuðla að markvissri þekkingu og fræðslu.

Rannsóknir á spilamarkaðnum á Íslandi eru ekki margar en á síðasta ári könnuðu dr. Daníel Þór Ólason, dr. Hafrún Kristjánsdóttir og fleiri peningaspil og spilavanda meðal leikmanna í íslenskri knattspyrnu. Til þess að nálgast þetta viðfangsefni settu þau fram fjögur smærri markmið:

1. Að kanna spilahegðun og algengi spilavanda meðal íslenskra knattspyrnumanna árið 2016.
2. Að kanna umfang veðmála á leiki í eigin deild eða jafnvel eigin leiki.
3. Að kanna hvort leikmenn hafi veitt upplýsingar um stöðu liða eða leikmanna til þriðja aðila
4. Að kanna viðhorf leikmanna til hugsanlegra reglna sem banna þjálfurum og leikmönnum að veðja á leiki í eigin deild.

Helstu niðurstöður voru að tíðni spilavanda er nokkuð hærri meðal knattspyrnumanna en sést hefur í fyrri faraldsfræðilegum rannsóknum um spilavanda. Einnig kom í ljós að þátttaka í veðmálum á úrslit og atburði innan knattspyrnuleikja er algeng og mun meiri á erlendum vefsíðum en hjá Íslenskum getraunum. Allstór hluti þeirra leikmanna sem veðja á úrslit knattspyrnuleikja á erlendum vefsíðum veðja á úrslit leikja í eigin deild og jafnvel á eigin leiki. Ásókn útsendara frá erlendum veðmálasíðum í upplýsingar um stöðu liða og leikmanna er töluverð og áhyggjuefni samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar og kann að skapa freistnivanda meðal leikmanna íslenskra knattspyrnuliða. Áréttu ber að niðurstöður þessarar rannsóknar segja ekkert til um hvort hagræðing úrslita hafi átt sér stað hér á landi eður ei.

9. Niðurstöður og tillögur til úrbóta

Hér að framan hefur verið farið yfir gildandi lög og reglur sem tengjast íþróttastarfsemi, íþróttaveðmálum auk ákvæða í almennum hegningarlögum sem gætu átt við um tilvik tengd hagræðingu úrslita í íþróttum. Við þá vinnu hefur verið höfð hliðsjón af samningi Evrópuráðsins um hagræðingu úrslita í íþróttum. Í þessum kafla verður farið yfir niðurstöður starfshópsins og settar fram tillögur um úrbætur sem starfshópurinn telur rétt að hugað verði að við meðferð þessara mála og við hugsanlegan undirbúning að fullgildingu Evrópusamningsins.

Að mati starfshópsins er ágætur grunnur í landslögum og lögum og reglum íþróttahreyfingarinnar til að takast á við atvik sem tengjast hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum. Eigi að síður telur starfshópurinn að vinna þurfi frekar að nákvæmari reglusetningu, ekki síst innan íþróttahreyfingarinnar, í þeim tilgangi að gera viðbrögð við hagræðingu úrslita markvissari. Enn fremur telur hópurinn mikilvægt að lögð verði áhersla á alla fræðslu um málaflokkinn og að íþróttamenn, þjálfarar, dómarar, starfsfólk og aðrir sem tengjast íþróttum verði upplýstir um þá vá sem af þessum málum stafar, hvernig bregðast skuli við málum sem upp kunna að koma og hvert beina megi kvörtunum eða ábendingum um mál. Starfshópurinn mælist til þess að hugað verði að því að fullgilda Evrópusamninginn af Íslands hálfu. Ef til fullgildingar kemur er það mat hópsins að fara þurfi yfir löggjöf um happdrætti, íþróttalög og almenn hegningarlög í þeim tilgangi að kanna hvort þörf sé á lagabreytingum hér á landi áður en fullgilding færi fram.

9.1 Samstarf og samhæfing aðgerða

Samkvæmt 13. grein Evrópusamningsins um hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum skal sérhver samningsaðili tilgreina innlendan vettvang, „samstarfsvettvang“, þar sem fjallað er um hagræðingu í íþróttakeppnum. Tilgreind eru tiltekin verkefni sem þessi „samstarfsvettvangur“ á að hafa með höndum. Meðal annars að vera upplýsingamiðstöð, samhæfa baráttu gegn hagræðingu, taka við upplýsingum um grunsamleg veðmál og gefa út aðvaranir og senda opinberum aðilum eða íþróttasamtökum og/eða veðmálafyrirtækjum upplýsingar um hugsanleg brot, sem og að eiga samstarf við samtök og viðkomandi yfirvöld innanlands og á alþjóðavísu.

Á Íslandi hefur ekki verið tilnefndur vettvangur sem ber ábyrgð á framangreindum aðgerðum gegn hagræðingu úrslita í íþróttum og formlegu samstarfi á milli þeirra sem að málefninu koma. Á hinum Norðurlöndunum er þegar hafið samstarf á þessu sviði og í sumum landanna hefur verið skilgreindur samstarfsvettvangur (National Platform) samkvæmt 13. grein Evrópusamningsins. Í Danmörku hefur efnahagsdeild innan alþjóðalögreglunnar (Særlig Økonomisk og International Kriminalitets (SØIK) hvidvaskningssekreteriat) verið falin rannsókn og eftirfylgni mála sem lúta að hagræðingu úrslita kappleikja í íþróttum. Á Íslandi er þörf á að þróa verkferla og viðbragðsáætlanir vegna mála sem upp kunna að koma. Hlutverk „samstarfsvettvangsins“ væri m.a. að vinna að því.

Tillaga 1: Lagt er til að stofnaður verði samstarfsvettvangur samkvæmt 13. grein sammingsins (National platform) sem sér um að samræma aðgerðir innanlands og tekur þátt í erlendu samstarfi um samninginn á vegum Evrópuráðsins þegar það hefst. Mennta- og menningarmálaráðuneyti óski eftir tilnefningum í starfshóp og haldi utan um störf hans fyrst í stað.

Lagt er til að í samstarfsvettvangnum eigi sæti fulltrúar frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands, KSÍ, Íslenskum getraunum, dómismálaráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og frá lögreglu. Samstarfsvettvangurinn hefði eftirfarandi hlutverk:

- Að auka þekkingu á hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum.
- Að vera upplýsingamiðstöð sem safnar og miðlar upplýsingum um það sem hefur gildi í baráttunni gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum.
- Að samhæfa aðgerðir innanlands í baráttunni gegn hagræðingu úrslita kappleikja í íþróttum og útbúa verkferla og viðbragðsáætlanir.
- Að taka á mót og greina upplýsingar um óeðlileg eða grunsamleg veðmál á íþróttaleiki og vekja athygli rétttra aðila á því.
- Að fara yfir reglur sem íþróttahreyfingin setur um hagræðingu úrslita og meta hvort þær samræmist löggjöf landsins sem og alþjóðasamningnum um hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum.
- Að vera í samstarfi við viðeigandi aðila og stofnanir innanlands og á alþjóðlegum vettvangi, þar á meðal við þá sem starfa að sambærilegum málum í öðrum löndum.
- Að veita umsögn um áhættu af einstökum tilboðum um hliðarveðmál eins og t.d. fyrsta innkast eða hornspyrna.
- Að fylgjast með þróun í málaflokknum og fjalla um það sem mikilvægt kann að þykja á þessu sviði.

Starfshópurinn vill vekja athygli á að við vinnu hans kom fram sú hugmynd hvort til greina kæmi að fela þetta verkefni Lyfjaeftirlitinu en með því mætti nýta samlegðaráhrif enda eru verkefni þeirrar stofnunar keimlík þeim verkefnum sem hér um ræðir. Í báðum tilvikum eru markmiðin að vernda heiðarleika í íþróttum og vernda heiðarlegt íþróttafólk. Með því mót gæti það verkefni sem hér um ræðir heyrt undir starfsemi nýrrar sjálfseignarstofnunar um lyfjaeftirlit sem mennta- og menningarmálaráðuneytið og ÍSÍ eru að setja á laggirnar. Bent er á að gera verður ráð fyrir að einhver kostnaður fylgi þessu verkefni.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Tímabil: 2018-2019

9.2 Refsiákvæði

Eins og fram kemur í 5. kafla telur starfshópurinn að tiltekin ákvæði almennra hegningarlaga geti eftir atvikum átt við um brot á sviði íþróttar er tengjast hagræðingu úrslita, þar sem mútur, svik, ofbeldi, þvingun og ógnun geta átt sér stað. Er þar meðal annars getið um ákvæði er varða fjársvik, mútur og umboðssvik, auk ákvæða um peningaþvætti. Þó er ekki fyllilega ljóst

hvernig íslensk löggjöf tekur á þeim málum sem upp kunna að koma enda liggur ekki fyrir dómaframkvæmd um þessi mál hér á landi. Starfshópurinn telur því mikilvægt að farið verði nánar yfir lagaumhverfi almennra hegningarlaga og löggjöf um íþróttir og veðmál með það í huga að athuga hvort tilefni sé til að lögfesta sérstakt ákvæði um bann við hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum og gera hana refsiverða.

Tillaga 2: Dómsmálaráðuneyti skoði hvort ástæða sé til að gera tillögu um sérstakt ákvæði í almennum hegningarlögum eða öðrum lögum um bann við hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum.

Ábyrgð: dómsmálaráðuneyti/mennta og menningarmálaráðuneyti.

Tímabil aðgerða: 2018/2019

9.3. Reglur íþróttahreyfingarinnar

Mikilvægt er að íþróttahreyfingin setji sér reglur um veðmál og hagræðingu úrslita í kappleikjum þar sem skýrt er kveðið á um hvað sé leyfilegt og hvað ekki. Kynning og fræðsla á þessu sviði í kjölfarið er mjög mikilvæg til þess að allir iðkendur, starfsmenn og aðrir innan íþróttahreyfingarinnar þekki reglurnar og temji sér viðhorf sem eru fyrirbyggjandi og virði gildi íþróttanna. Íþróttahreyfingin þarf að taka til þeirra úrræða sem hún hefur til að sporna við því að ekki séu höfð áhrif á úrslit í íþróttakeppnum til að viðhalda þeirri spennu sem fylgir keppni og óvissu með úrslit sem og heiðarleika í keppni. Nauðsynlegt er að íþróttahreyfingin standi vörð um heilindi og gæti að því að íþróttafólk falli ekki fyrir skjótfengnum gróða með því að hafa rangt við sem síðar getur haft áhrif á ímynd íþróttanna og ekki síst alvarlegar afleiðingar fyrir viðkomandi einstakling. Starfshópurinn tekur ekki afstöðu til þess hvaða leiðir íþróttahreyfingin velur til þess að vinna að þessu en telur að löggjöf og reglur, þar með taldar siðareglur íþróttahreyfingarinnar, þurfi að vera skýrar og að fræðsla þurfi að vera til staðar. Upplýsingagjöf bæði innan hreyfingarinnar og út á við er einnig mikilvæg í þessu samhengi þar sem samfélagið þarf ekki síður að vita að strangt sé tekið á þessum málum innan íþróttahreyfingarinnar og að þau séu tekin alvarlega.

Tillaga 3: Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands framfylgi reglum íþróttahreyfingarinnar um varnir gegn hagræðingu úrslita íþróttakeppna í samræmi við reglur IOC og Samning Evrópuráðsins um hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum.

Ábyrgð: ÍSÍ og sérsambönd

Tímabil: Hefst 2018

Tillaga 4: Íþróttahreyfingin setji siðareglur fyrir starfsfólk leikja, dómara og íþróttafólk.

Ábyrgð: ÍSÍ og sérsambönd

Tímabil: 2018

Tillaga 5: Markviss kynning og fræðsla á settum reglum verði hluti af þeirri almennu fræðslu sem íþróttafólk og þjálfarar fá innan íþróttahreyfingarinnar.

Ábyrgð: ÍSÍ og sambandsaðilar ÍSÍ

Tímabil: 2017-2019

Tillaga 6: Mælt er með að ákvæði um lyfjamisnotkun og hagræðingu úrslita verði sett í alla samninga við leikmenn og starfsmenn.

Ábyrgð: ÍSÍ og sambandsaðilar ÍSÍ

Tímabil: 2017-2019

9.4. Áskoranir á sviði veðmála á íþróttaleiki

Þróun veðmála á netinu hefur verið afar hröð. Samkeppni einkaaðila hefur leitt til þess að boðið er upp á fleiri íþróttaviðburði en áður, útborgunarhlutfall hefur farið hækkandi og er nú í hámarki, en ekki síst hefur samkeppnin leitt til þess að boðið er upp á æ fleiri veðmál sem tengjast hverjum leik fyrir sig. eru dæmi um að hægt sé að veðja á 250 atriði sem tengjast einum knattspyrnuleik. Er þar um að ræða fjölda atriða sem tengjast á engan hátt úrslitum leiksins, en auðvelt er að hagræða. Sem dæmi má nefna fyrsta innkast, fyrsta horn, fjöldi aukaspurna, fyrsta gula spjaldið, fjöldi gulra spjalda, fær varamarkvörðurinn sér kjötloku á bekknum í fyrri hálfleik o.s.frv. Ekki hafa verið sett lög eða reglur til að koma í veg fyrir slík veðmál. Fyrirtæki innan European Lotteries og fyrirtæki sem starfa samkvæmt sérstöku leyfi hafa sjálf ákveðið að bjóða hvorki upp á svokölluð neikvæð veðmál eins og gul og rauð spjöld né veðmál eins og fyrsta innkast og þess háttar, sem ekki hafa bein áhrif á úrslit leiks. Ástæðan tengist m.a. freistnivanda því þegar leikmaður hefur einu sinni svindlað er mun meiri hætta á frekari brotum.

Tillaga 7: Lagt er til að dómsmálaráðuneyti meti hvers konar hliðarveðmál eru líkleg til þess að auka áhættu á hagræðingu úrslita og verði ekki heimiluð hér á landi.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

Tímabil: 2017-2019

9.5. Greiðslumiðlun

Að mati starfshópsins er ein mikilvægasta og hugsanlega skilvirkasta aðgerðin gegn hagræðingu úrslita á Íslandi að sjá til þess að lagt verði bann við miðlun á greiðslum til happdrætta og veðmálafyrirtækja sem ekki eru heimil samkvæmt íslenskum lögum. Í 11. grein samnings Evrópuráðsins um hagræðingu úrslita er tekið á þessu atriði og lagt til annars vegar að loka fyrir eða takmarka aðgang að ólöglegum, fjarlægum íþróttaveðmálafyrirtækjum og að loka fyrir starfsemi ólöglegra íþróttaveðmálafyrirtækja sem eru staðsett í lögsögu viðkomandi

sammingsaðila og hins vegar að stöðva fjárstreymi milli ólöglegra íþróttaveðmálafyrirtækja og neytenda.

Þessi aðgerð gæti þar að auki verið líkleg til að takmarka að stórum hluta peningþvætti í tengslum við íþróttaveðmál. Peningþvætti hefur færst mjög í vöxt á undanförunum árum í tengslum við íþróttaveðmál, enda teljast þau áhættulítill og skilvirk leið fyrir glæpahringi til að þvo ólöglega fengið fé. Ef fyrirtæki sem sjá um greiðslumiðlun telja vinninga sem koma inn á reikninga vekja grun um mögulega ólögmæta starfsemi ber þeim að tilkynna það til peningþvættisskrifstofu hjá embætti héraðssaksóknara.

Tillaga 8: Lagt er til að kannað verði hvort gera eigi breytingu á lögum í þeim tilgangi að hindra fjárstreymi milli ólöglegra íþróttaveðmálafyrirtækja og neytenda með takmörkunum á greiðslumiðlun.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

Tímabil: 2017-2019

9.6. Menntun og þjálfun starfsmanna veðmálafyrirtækja

Menntun og þjálfun starfsmanna veðmálafyrirtækja skiptir miklu máli. Til dæmis er mikilvægt að starfsmenn geti metið áhættu samfara veðmálum, geti metið einkenni þess að hagræðing úrslita hafi átt sér stað og tekið eftir þegar eitthvað óeðlilegt á sér stað í tengslum við veðmál. Enn fremur er nauðsynlegt að starfsmenn þekki löggjöf um persónuvernd þegar mál eru til meðferðar.

Tillaga 9: Að mennta og þjálfa starfsmenn veðmálafyrirtækja þannig að þeir hafi kunnáttu til þess að meta þau mál sem upp kunna að koma í tengslum við hagræðingu úrslita kappleikja í íþróttum.

Ábyrgð: Íslenskar getraunir og íþróttahreyfingin.

Tímabil: 2018 –

9.7. Eftirlit með veðmálum

Íslenskar getraunir eru eina félagið sem hefur leyfi til þess að bjóða veðmál á íþróttaleiki á Íslandi. Þess vegna skiptir verulegu máli að fyrirtækið fylgist vel með öllum veðmálum og þróun markaðarins. Í þessu samhengi er mikilvægt að vera í samstarfi við önnur sambærileg fyrirtæki eða yfirvöld í Evrópu og jafnvel víðar til þess að geta þróað og bætt allt eftirlit með veðmálum.

Tillaga 10.: Íslenskar getraunir uppfylli áfram alla ströngustu staðla WLA World Lotteries Association og EL European Lotteries Association er varða íþróttagetraunir.

Ábyrgð: Íslenskar getraunir.

Tímabil: 2017 -

9.8. Samantekt og tillögur

Starfshópurinn hefur í þessum kafla sett fram tillögur um samstarf í þeim tilgangi að vinna gegn hagræðingu úrslita í íþróttum og hugmyndir að leiðum til úrbóta, svo sem með breytingum á regluverki og aukinni fræðslu. Tekið hefur verið mið af lögum og reglum hér á landi og samningi Evrópuráðsins um hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum. Helstu tillögur eru eftirfarandi:

1. Að stofnað verði til samstarfsvettvangs samkvæmt 13. grein Evrópusamningsins (National platform) sem hefur m.a. það hlutverk að samræma aðgerðir innanlands og taka þátt í erlendu samstarfi um samninginn á vegum Evrópuráðsins þegar það hefst. Mennta- og menningarmálaráðuneyti óski eftir tilnefningum í starfshóp og haldi utan um störf hans fyrst í stað.
2. Dómsmálaráðuneyti skoði hvort gera eigi tillögu um ákvæði í almenn hegningarlög eða önnur lög um hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum.
3. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands framfylgi reglum íþróttahreyfingarinnar um varnir gegn hagræðingu íþróttakeppna í samræmi við reglur IOC og samning Evrópuráðsins um hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum.
4. Íþróttahreyfingin setji siðareglur fyrir starfsfólk leikja, dómara og íþróttafólk.
5. Markviss kynning og fræðsla á settum reglum verði hluti af þeirri almennu fræðslu sem íþróttafólk og þjálfarar fá innan íþróttahreyfingarinnar.
6. Mælt er með að ákvæði um lyfjamisnotkun og hagræðingu úrslita verði sett í alla samninga við leikmenn og starfsmenn.
7. Lagt er til að dómsmálaráðuneyti sjái til þess að hliðarveðmál sem eru líkleg til þess að auka áhættu á hagræðingu úrslita verði ekki heimiluð hér á landi.
8. Lagt er til að kannað verði hvort gera eigi breytingu á lögum í þeim tilgangi að hindra fjárstreymi milli ólöglegra íþróttaveðmálafyrirtækja og neytenda með takmörkunum á greiðslumiðlun.
9. Að mennta og þjálfarar starfsmenn veðmálafyrirtækja þannig að þeir hafi kunnáttu til þess að meta þau mál sem upp kunna að koma í tengslum við hagræðingu úrslita kappleikja í íþróttum.
10. Íslenskar getraunir uppfylli áfram alla ströngustu staðla WLA World Lotteries Association og EL European Lotteries Association er varða íþróttagetraunir.

Viðauki/heimildalisti

Arbejdsgruppe om regulering af Matchfixing, Rapport, Kulturministeriet 5. september 2014.

Evrópusamningur um hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum, 2014, Evrópuráðið.

Lög ÍSÍ, 2017, www.isi.is/efnisveita/log-og-reglugerdir-stefnur

Match fixing in sport, A mapping of criminal law provisions in EU 27, mars 2012.

Match fixing in Italy, You betcha, í vefriti The Economist 20. ágúst 2016.

Móta- og keppendareglur ÍSÍ, 2002, www.isi.is/efnisveita/log-og-reglugerdir-og-stefnur

Reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, mars 2016, www.ksi.is/logogreglugerdir

Siðareglur ÍSÍ, Handbók ÍSÍ 2011, www.isi.is/efnisveita/log-og-reglugerdir-stefnur

Siðareglur KSÍ, 2010 útgáfa, www.ksi.is/logogreglugerdir/sidareglur

Sameiginleg yfirlýsing íþróttasambanda Norðurlanda, Common international initiatives from the Nordic sports organizations related to the fight against match fixing, 2017.